



Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 25. ágúst 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson, formaður. Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson, Davíð Búi Halldórsson, Óskar Hauksson, Stefán Jóhannesson.

Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá fundarins

- Mótamál
- Landsliðsmál – þjálfarar - unglingar
- Fjármál
- Önnur mál

Fundargerð

Mótamál

Staðfestingar liða í 1. og 2. deild Íslandsmótsins eru eftifarandi

1. deild kvenna (7 lið): HK, Þróttur N., Ýmir, KA, Fylkir, Stjarnan, Þróttur R.

- Leikin verður tvöföld umferð, heima og heiman sem lýkur 5. mars með krýningu deildarmeistara.
- Að því loknu skiptist deildin upp í tvo hluta þar sem fjögur efstu liðin berjast um Íslandsmeistaratitilinn í tvöfaldri umferð heima og heiman. Neðri hlutinn berst um að halda sér í deildinni og neðsta liðið fellur. Þessari keppni verður lokið 10. apríl.
- Þátttökugjöld í 1. deild kvenna verður kr. 95.000 og inni í því er dómgæslan í deildarkeppninni.

1. deild karla (4 lið): Þróttur R., Stjarnan, KA, HK

- Leikin verður fjórföld umferð, heima og heiman sem lýkur 5. mars með krýningu deildarmeistara.
- Að því loknu tekur við úrslitakeppni sem verður lokið fyrir páska. Tvo leiki þarf að vinna til að komast í úrslit um Íslandsmeistaratitilinn.
- Þátttökugjöld í 1. deild karla verða kr. 70.000 og inni í því er dómgæslan í deildarkeppninni.

2. deild kvenna suður (7 lið): Afturelding, ÍK, HK B, Fylkir B, Stjarnan A, Þróttur Rc, Bresi

- Leikin verður tvöföld umferð, heima og heiman og verður umferðum lokið fyrir páska. Tvö efstu liðin fara í úrslitakeppni 2. deildar hjá HK í Kópavogi 9. -10. apríl þar sem efsta liðið fer upp í 1. deild. Neðsta liðið fellur í 3. deild.
- Þátttökugjöldin í 2. deild verða kr. 55.000 með dómgæslu í riðlakeppninni.

2. deild kvenna Austur: Þróttur Nb, Þróttur Nc, Huginn, Sindri, Höttur, Leiknir.

- Spilað í þremur mótum yfir veturinn þar sem spiluð er einföld umferð
- Mótanefnd Austur sér um að halda utan um mótin, hvar þau verða og hvenær en BLÍ sér um uppröðun leikja. Dómgæsla er í höndum mótshaldara og frá liðunum sjálfum en mótin eru keyrð saman með 3. deild kvenna fyrir austan.
- Þátttökugjöld eru kr. 19.000 á lið.

2. deild kvenna Norður: KA b, Völsungur A, Völsungur B, Skautar A.

- Leikin tvöföld umferð heima og heiman í æfingatímum. Þ.a.l. er aðeins leikið upp í tvær unnar hrinur.
- Dómgæsla er í höndum heimaliðsins og ber liðinu einnig að skila inn úrslitum til BLÍ sem sér um að raða leikjum og skrá úrslit.
- Þátttökugjöld eru kr. 19.000 á lið.

2. deild karla Suður (7 lið): UMFG, Afturelding, Þróttur R2, Fylkir, Stjarnan B, Hamar, Hrunamenn.

- Leikin er tvöföld umferð heima og heiman, verður lokið fyrir páska. Tvö efstu liðin fara í úrslitakeppni 2. deildar hjá HK í Kópavogi 9. - 10. apríl. Efstu liðin fá rétt til að spila í 1. deild að ári liðnu.
- Þátttökugjöld eru kr. 55.000 með dómgæslu í riðlakeppninni

2. deild karla Austur: Þróttur N, Þróttur Nb, Huginn, Sindri (óstaðfest), Leiknir

- Leikið heima og heiman í tvöfaldri umferð undir stjórn mótanefndar Austur. BLÍ raðar upp mótinu og heimaliðinu er skylt að sjá um dómgæslu og koma úrslitum til BLÍ að leik loknum. Efstu liðið fer í úrslitakeppni 2. deildar hjá HK í Kópavogi 9.-10. apríl.
- Þátttökugjöld eru kr. 19.000 á lið.

2. deild karla Norður: KA b, KA c, Völsungur

- Leikið heima og heiman í fjórfaldri umferð, tveggja hrinu leikir og efsta liðið fer í úrslitakeppni 2. deildar hjá HK í Kópavogi 9. - 10. apríl. Heimaliðið sér um dómgæslu og sendir úrslit til BLÍ. BLÍ sér um að raða upp mótinu
- Þátttökugjöld eru kr. 19.000 á lið.

3. deild kvenna Suður: Skellur, Álfanes, Afturelding, HK Utd., Fylkir C, Stjarnan B, Stjarnan C, Hamar, Dímon. Fleiri lið eru væntanleg í deildina en fresturinn rennur út 1. sept.

- Leikið í tveimur mótum í tveimur riðlum. Dregið er í riðla eftir árangri síðasta árs í deildinni
- Þátttökugjöld eru kr. 45.000 í öllum mótum með dómgæslu. BLÍ skipar dómara á mótin.

3. deild kvenna Norður: Krækjur, Súlur, fleiri lið bætast við þennan riðil. Þátttökugjöld kr. 15.000 Fyrir úrslitamótið er greitt sér en þá aðeins dómgæslukostnaður (1000 kr. per lið per leik).

3. deild kvenna Austur: Þróttur N, fleiri lið eru væntanleg í keppnina, þátttökugjöld kr. 15.000 Fyrir úrslitamótið er greitt sér en þá aðeins dómgæslukostnaður (1000 kr. per lið per leik).

Umsóknir um mót á vegum BLÍ

Haustmót BLÍ – HK sótti um og lagði mótanefnd til að það verði samþykkt. Stjórn BLÍ samþykkir og verður mótið því í höndum HK þann 26.-27. september.

Bikarkeppni BLÍ

- Stjórn BLÍ ákvað að fela Fylki að sjá um mótshald í bikarmóti 1, dagana 28.-29. nóvember.
- Stjórn BLÍ ákvað að fela KA að sjá um mótshald í bikarmóti 2, dagana 12. -13. febrúar.
- Sævar tilkynnir félögunum þetta og biður um staðfestingu á húsunum fljótt.
- Þátttökugjöld í bikarnum eru kr. 40.000 á lið og skal greiðast fyrir bikarmót 1 og er óendurkræft gjald. Inni í þessu er dómgæsla allra leikja í bikarkeppninni.

Umsóknir um mót í 3. deild kvenna

Mót 1:

- Skellur og Afturelding sóttu um mótið.
- Stjórn BLÍ ákvað að Afturelding fengi mótið en þær báðu um að skipta á helgum við bikarmót 1. Varð stjórn BLÍ við þeirri beiðni og verður mótið í Mosfellsbæ 30. -31. október.

Mót 2:

- Skellur, Dímon og Fylkir sóttu um mótið helgina 5. -6. mars.
- Stjórn BLÍ ákvað að veita Dímon mótshaldið og fer mótið því fram á Hvolsvelli 5.-6. mars.

Mót 3 – úrslitamót 3. deildar kvenna

- HK og Álftanes sóttu um mótið helgina 9. -10. apríl 2010.
- Stjórn BLÍ ákvað að veita HK mótshaldið og fer mótið því fram í nýju íþróttahúsi þeirra í Fagralundi í Kópavogi 9. -10. apríl. Samhliða því heldur HK úrslitakeppni 2. deildar karla og kvenna auk þess að sjá um árshátíð BLÍ að kvöldi 10. apríl.

Umsóknir um úrslitin í 2. deild

- Aðeins barst umsókn frá HK um að halda keppnina og var það því samþykkt hjá stjórn BLÍ að því gefnu að ekki komi fleiri umsóknir inn fyrir 1. sept.

Umsóknir um árs- og uppskeruhátíð BLÍ þann 10. apríl

- Aðeins barst umsókn frá HK um að halda hátíðina og var því samþykkt hjá stjórn BLÍ að því gefnu að ekki komi fleiri umsóknir fyrir 1. sept.

Umsóknir um yngriflokkamót á vegum BLÍ

- HK og Próttur Nes sóttu um að halda mót fyrir 4. -5. flokk helgina 7. -8. nóvember
- HK og Próttur Nes sóttu um að halda mót fyrir 2. -3. flokk helgina 14. -15. nóvember
- HK sótti um að halda bikarmót yngriflokka 29. -30. janúar.
- HK hefur sótt um að halda Yngriflokkamót allra flokka helgina 16. -18. apríl 2010.

Umsóknum var vísað til Yngriflokkaneftndar sem kemur saman fljótlega til að taka ákvörðun um leikstaði fyrir yngriflokkamótin í vetur.

Sævar nefndi að hann þyrfti að panta inn leikskýrslur fyrir veturinn og var honum falið það að leysa úr því.

Sævar nefndi jafnframt að eigendur www.blak.is væru að funda vegna beiðni BLÍ um að komast inn með öll mót vetrarins á www.blak.is. Kæmi úr því í næstu viku en það er gert þegjandi samkomulag um nýtingu vefsins gegn engri greiðslu.

Þóknun til dómara helst óbreytt frá fyrra ári.

Landsliðsmál – þjálfara – unglinga

Stefán hefur kannað með þjálfara fyrir U19 ára liðin. Michael Overhage fyrir drengina og Apostol Apostolov fyrir stúlkurnar. Tóku þeir báðir nokkuð vel í þetta.

Engu að síður er stutt í keppni og lítill tími til undirbúnings. Því er velt því upp á fundinum hvort eigi að sleppa að fara. Eftir þónokkra umræðu var þó ákveðið að láta slag standa og halda áfram þeirri vinnu

sem er hafin. Þegar hópar eru klárir væri gott að U19 nefnd væri skipuð af foreldrum einstaklinga í liðunum til þess að vinna í fjáröflunarverkefni. Kostnaðurinn við ferðina er á bilinu 70-80 þúsund. Ferðin er til Íkast í Danmörku og farið er út 12. október og komið heim þann 16. október.

U19 ára landsliðin keppa í Íkast í Danmörku 20.-22. desember. Sú ferð verður svipuð og U19 ára ferðin og þarf að hefjast handa strax við að undirbúa hana.

U19 ára nefnd og U17 ára nefnd þarf að setja af stað í kringum þessi verkefni og eðlilegast væri að kæmu fulltrúar frá HK, KA og ÞróttiNes í nefndirnar.

A landsliðsmál eru á bið eftir ágætt ár hjá liðunum. Ekki hefur enn komið boð frá LUX um að komast á Novotel Cup í Janúar en von er á því boði fyrir bæði lið. Þegar það gerist verður tekið á þeim málum.

Fjármál

- Heiða segir frá því að Síminn ákvað að breyta styrkframlaginu í 160.000 kr. á ári. Á þessu ári greiðist 80.000 kr. inn til BLÍ. Á móti þarf ekki auglýsingu.
- Kaupþingsviðræður ganga ágætlega en verður þó meiri bið á lausn.
- Fjárhagsstaðan er ekki góð og brýnt er að stytta skuldahalann.

Önnur mál

- Jason sagði frá því að honum hafi borist bréf þar sem verið væri að mæla með því að Ólafur Hr. Sigurðsson og Grímur Magnússon fengju Fálkaorðuna. Samþykkti stjórn BLÍ að veita þessu máli stuðnings – Jason beðinn um að skrifa bréf til orðunefndar.
- Sævar sagði frá fyrirhuguðum dómaramámskeiðum um allt land – 6 námskeið haldin í september, á Ísafirði, Egilsstöðum, Akureyri, Hvolsvelli, Snæfellsbæ og í Reykjavík. Sævar og Heiða ræða saman um kostnaðarhlið og þátttökugjöld á þessu máli en Jón Ólafur og Sævar munu vera námskeiðshaldarar.
- Yngriflokkanefnd vantar formann. Jasoni falið að ræða við Guðrúnu Kristínu um formennsku í nefndinni.
- Jason sagði frá samningum við Bridgestone. Sævar og Jason munu heimsækja höfuðstöðvar þeirra til að ræða um framhaldið.
- Stefán er í viðræðum við Mikasa um mögulegan samning og þá í tengslum við nýja boltann.
- Jason greindi frá viðræðum við strandblaksnefnd um að koma upp regluverki fyrir íþróttina inn í lög sambandsins. Farið verður yfir málið sem fyrst.
- Jason nefndi að nýju félagi í Reykjavík vantaði þjálfara í krakkablaki. Leiknir í Breiðholti hefur hug á því að byrja með blakdeild og byrja í krakkablakinu.
- Sævar og Jason áttu fund með fulltrúa frá Menntamálaráðuneytinu í sumar og Þorgrími Þráinssyni um Íþróttavakningu framhaldsskólanna. BLÍ mun sjá um að keppt verði í framhaldsskólunum í blaki og í úrslitum í kringum 19. mars á íþróttadegi framhaldsskólanna.
- Sævar greindi frá sporttv.is sem er ný og sjálfstæð sjónvarpsstöð á netinu. Ætlunin er að syna frá deildarleikjum í blaki í vetur.
- Nokkur bréf og erindi komu til sambandsins frá FIVB í sumar og hefur flestum verið sinnt.

Fundi slitið kl. 19.15

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð